



Landbúnaðarnefnd Blönduós bæjar - 10. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 15. ágúst 2016
og hófst kl. 14:00

Fundinn sátu:

Gauti Jónsson, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Þórður Pálsson, aðalmaður
Valgarður Hilmarsson forseti sveitarstjórnar

Fundargerð ritaði: Anna Margrét Jónsdóttir, ritari

Dagskrá:

1. Göngur og réttir 2016 - 1608009

Fram kom hjá Gauta Jónssyni, fjallskilastjóra að illa gangi að manna göngur. Ef ekki ræðst bót á því í vikunni, gæti orðið að grípa til þess ráðs að færa göngur í út Langadalsfjalli yfir á sömu helgi og smalað er fram Langadalsfjall og Skarðsskarð. Rætt var um hvort gefa eigi afslátt til hrossabænda sem eru með merar í blóðtöku eins og gert var í fyrra. Ákveðið af gefa 50% afslátt af fjallskilum fyrir þær hryssur sem eru í blóðtöku.

2. Önnur mál

Embætti fjallskilastjóra - 1608014

Gauti Jónsson óskaði eftir að losna undan embætti fjallskilastjóra. Ákveðið að Anna Margrét Jónsdóttir taki við því tímabundið, þar til önnur skipan verður ákveðin.

Bændasamtök Íslands - samþykktir Búnaðarþings 2016 - 1608007

Fyrir fundinum lá bréf frá Bændasamtökum Íslands með nokkrum spurningum um framkvæmd fjallskila í sveitarfélaginu. Bréfið er sent í kjölfar ályktunar Búnaðarþings 2016 um fjallskil. Fjallskilastjóra falið að svara bréfinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:15

Gauti Jónsson

Anna Margrét Jónsdóttir

Þórður Pálsson

Valgarður Hilmarsson
